

Pizza veisla

Þetta spil gerði ég fyrst árið 1999 en hef nú endurgert það að hluta nýlega. Sjá myndir á næstu blaðsíðu.

Efni:

- Kartonpappír í stærð A2
- Hlið úr pappakassa klippt til í stærð A2
- Lím
- Bókaplast
- „Permanent“ marker tússpenni og litir (gulur,rauður,grænn, blár og fjólublár hér)
- Byrja og Enda reitir ásamt auðum reitum og reitum þar sem búið er að setja inn **1 – 1/2 – 1/4 og 1/8** (gert í tölvu)
- Pizzur (ég sótti myndir af pizzum á internetinu, setti í word skjal og hafði 18 mismunandi pizzur og var hver pizza um 7,5 cm. Hverja pizzu gerði ég fjórum sinnum) Hægt er að hafa aðeins færri en ég mæli ekki með færri en 10-12 heilum pizzum.
- Plöstunarvél og plast í hana
- Skæri

Aðferð:

- Finna til myndir af pizzum á internetinu, setja í word skjal (ca, 7,5 cm stórar) og prenta út.
- Klippa, setja í plast og í gegnum plöstunarvélina og klippa til aftur.
- Gera spilaborðið á kartonið áður en það er límt á pappann. Gerðar 4 „heimastöðvar“, ein gul, ein rauð, ein græn og ein blá. Byrja og Endareitirnir eru svo litaðir fjólubláir. Gerðir fjórir hringir á hverja heimastöð einn heill, einn með tveimur hálfum, einn með fjórðungum og einn með 8 jöfnum hlutum.
- Líma Byrja reitinn og Enda reitinn og setja spilið upp eins og sýnt er á mynd á næstu blaðsíðu, svipað og er í Ludo.
- Frá Byrja reitnum og að Enda reitnum er svo límd leiðin eins og sést á myndinni og passa að líma oftar en sjaldnar **1 – 1/2 – 1/4 og 1/8**
- Líma kartonið á pappaspjaldið og plasta með bókaplasti

Spilið:

- Spilið er fyrir tvo til fjóra leikmenn
- Teningi kastað og spilakarlinn færður jafnmarga reiti áfram
- Ef lent er á 1 er ein heil pizza sett í hringinn, ef lent er á 1/2 er hálf pizza sett á sinn stað o.s.frv. (ef t.d. aftur er lent á 1 þá er önnur heil pizza sett ofan á þá sem fyrir er)
- Spilið klárast þegar sá fyrsti kemur að endareitnum eða þegar allir eru komnir þangað, krakkarnir stjórna því sjálfir
- Þegar spilinu er lokið eru pizzurnar (brotin) lagðar saman til að finna út hve margar heilar pizzur hver safnaði á leiðinni.

